

17. mars 1989

261

Nr. 123

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Frá og með 20. mars 1989 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæðum sem markast þannig:

1. Að vestan af 21°22' V og að austan af 17°20' V
2. Að vestan af 16°40' V og að austan af 16°00' V.

Að sunnan markast bæði svæðin af línu, sem dregin er fjórar sjómíllur utan við viðmiðunarlínu sbr. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 104 15. mars 1989 um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir Suðurlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. mars 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

17. mars 1989

Nr. 124

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 327 21. júní 1982.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. sbr. reglugerð nr. 149/1983 skal bann við öllum veiðum á svæði fyrir Suðurlandi ekki taka gildi fyrr en kl. 20:00 21. mars 1989.

B 20